Árið 1987, miðvikudaginn 30. september var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Benedikt Blöndal, Jóni Finnssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni G. Tómassyni og Má Péturssyni.

**Fyrir var tekið:**

**1. Að taka ákvörðun um laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tekur til, og ríkissáttasemjara.**

---

Laun forseta Íslands, þeirra ríkisstarfsmanna, sem 2. gr. laga nr. 92/1986 tekur til, og ríkissáttasemjara skulu hækka um 7,23% frá 1. október 1987.

**2. Að taka ákvörðun um þingfararkaup og kostnað alþingismanna.**

---

1. Þingfararkaup alþingismanna og mánaðarlaun forseta sameinaðs Alþingis skulu hækka um 7,23% frá 1. október 1987.

2. Húsnæðiskostnaður verði 24.000 krónur á mánuði frá 1. október 1987.

3. Dvalarkostnaður um þingtímann verði 800 krónur á dag frá 1. október 1987.

4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 120.000 krónur frá 1. október 1987 miðað við ársgreiðslu.

5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. október 1987:

| | |
|---|---|
| Í Reykjavíkurkjördæmi | 5.500 krónur á mánuði. |
| Í Reykjaneskjördæmi | 10.400 krónur á mánuði. |
| Í öðrum kjördæmum | 17.000 krónur á mánuði. |